

Pési



Lesið þetta

- Sumarið er tíminn
- Auglýsingar

Næsti Pési kemur út 14. ágúst. Skil á efni er 11. ágúst.

ATH. Pésinn kemur EKKI út í júlí

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	3
17. júní	4
Þvottaplan	5
Atvinna	7
Reiðnám-skeið	9
Kven-nareiddúr	12
Gönguferðir	14

Júní 2009

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Ísólfur Gylfi Pálmason

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

19. árgangur. 228. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Frá Umhverfis og samgöngunefnd.

Kæru sveitungar, nú er árlegum rusladegi lokið þar sem duglegar hendur tíndu rusl vítt og breitt um sveitina og komu því fyrir kattarnef. Ekki hafa þó allir komist í hrein-gerningarham því víða má sjá plast á girð-ingum meðfram vegum og gosdósir liggja í grasinu. Nú er 17. júní á næsta leiti og gaman væri ef þeir sem ekki komust í að tína rusl í hreinsunarvikunni gerðu það fyrir þjóð-hátíðardag okkar. Árleg umhverfisverðlaun verða veitt á 17. júní og sem betur fer hafði nefndin úr mörgu að moða við val á verð-launahöfum. Við viljum minna hjólreiðafólk á notkun hjálma og vélhjólaknapa á að halda sig á vegunum eða þar til gerðum brautum og hlífa viðkvæmu landi. Munum að utan-vega akstur er bannaður.

Gunnlaugur, Magga og Þórunn.



Næturkyrrð



Sumarið er tíminn!

Sumarið er tíminn söng Bubbi Morthens forðum. Sumarið er dásamlegur árstími þegar náttúran skartar sínu fegursta. Þegar þetta er skrifað er undirritaður í hálfmánaðar sumarfrí í útlöndum og nýtir sér tölvutæknina. Það er dásamlegt að eiga möguleika á að ferðast, sjá og kynnast öðrum löndum, siðum og venjum. Mikil breyting hefur orðið á ferðamáta Íslendinga á síðustu áratugum. Foreldrar mínir voru um fertugt þegar þeir fyrst fóru til útlanda en við systkinin vorum um tvítugt. Börnin mín voru hins vegar lítil börn þegar þau fóru til útlanda í fyrsta sinn. Auðvitað er þetta mismunandi hjá fjölskyldum og misjöfn tækifæri og sumir hafa meiri áhuga á ferðalögum en aðrir. Allt bendir til að mjög dragi úr ferðum Íslendinga til útlanda nú um stundir en hins vegar bendir allt til þess að við ferðumst meira um eigið land á þessu ári. Það er gott fyrir fjölbreytta, blómlega og myndarlega ferðaþjónustu hér í sveit. Að þessu sinni skrifa ég einungis þessa grein í júní hefti Pésans okkar og einhverjir líklega fegnir því. Pésinn er ótrúlega víðlesíð blað. Hann birtist á netinu auk þess sem hann er sendur til íbúa Hrunamannahrepps og nokkurra fastra árskrifenda. Við sem stöndum að útgáfu Pésans heyrum stundum að einstaka fólki þyki nóg um fréttir og efnistöð í blaðinu. Við lítum þannig á að við séum að miðla upplýsingum til íbúanna um leið og við laumum ýmiskonar léttmeti með. Þær fréttir sem hér eru birtar berast okkur gjarnan frá íbúunum. Við lítum einnig þannig á að upplýsingarnar sem birtast hafi sögulegt gildi fyrir samfélagið þegar til lengri tíma er litið. Í seinni tíð höfum við birt myndir í blaðinu og í mörgum tilfellum eru þær frá Sigurði Sigmundssyni og gefa þær blaðinu enn meira gildi. Í sumar verður bændamarkaður starfræktur hér í „gömlu“ ferðamiðstöðinni á Flúðum. Það verður spennandi að vita hvernig sú starfsemi gengur. Ferðamenn hafa í auknum mæli áhuga fyrir að kynnast framleiðsluvöru úr héraði og hér í Hrunamannahreppi er af nógu að taka í þeim efnunum. Vonandi gengur þessi tilraun vel og verður til þess að markaðurinn verði árviss og sífellt fleiri taki þátt í að koma framleiðsluvöru sinni og listmunum á framfæri. Markaður sem þessi skapar einnig stemningu og getur, ef vel tekst til haft mikið að segja fyrir ímynd byggðarlagsins. Nýja tjaldsvæðið hefur verið tekið í notkun og er mun stærra en það sem áður var. Mikill hugur er í þeim ellefu einstaklingum sem eru þátttakendur í uppbyggingu þess og hafa þeir í raun lyft Grettistaki á skömmum tíma og ánægjulegt þegar einstaklingar og sveitarfélag sameina krafta sína með þessum hætti. Hrunamannahreppur hefði ekki átt möguleika á að byggja upp aðstöðu einn og sér. Algengt er að sveitarfélög leggi mikla peninga í uppbyggingu tjaldsvæða en með þessum hætti lágmarkum við kostnað sveitarfélagsins. Í Hrunamannahreppi er einnig rekið tjaldsvæði á Álfaskeiði af Ferðaþjónustunni í Syðra Langholti. Ferðamaðurinn getur haft nógu fyrir stafni hér í Hreppnum fjölbreytnin er sífellt að aukast og allt bendir til þess að framhald verði á því t.d. ef hugmyndir um baðaðstöðu verða að veruleika við Hverhólma. Ferðaþjónustufyrirtæki styrkja hvert annað óbeint. Vonandi eiga íbúar Hrunamannahrepps og ferðamenn sem hingað koma gott og gleðilegt sumar sem og landsmenn allir.

Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri



Hátíðardag- skrá í



Hrunamannahreppi

17.júní 2009

Hæ hó jíbíbí jeij og jíbíbí jeij, það er kominn 17.júní

Dagskráin hefst með skrudgöngu sem leggur af stað frá íþróttarhúsinu kl. **13.30.**

Að henni lokinni (um kl.14.00) hefjast hefðbundin hátíðarhöld í íþróttahúsinu. 17. júní hlaup og kassabílarallý á sínum stað

Sent verður út dreifibréf með nánari dagskrá

Nefndin

Bændur athugið!

Síðastliðið sumar byrjuðum við með nýja fjáröflun. Hún fólst í því að safna hólkum, sem eru inni í rúlluplasts rúllunum, fyrir fyrirtæki sem selur túnþökur. Þessi tilraun tókst mjög vel og því höfum við ákveðið að reyna aftur í sumar. Því viljum við biðja ykkur um að geyma hólkana, þegar þið eruð búin með plastið af rúllunni, og hafa samband við okkur. Við komum svo og sækjum hólkana til ykkar.

Hafa skal samband í síma 844 8211 eða senda e-mail á netfangið kroppur@fludaskoli.is

Með von um gott samstarf og gott gengi í
heyskapnum í sumar.

Stjórn körfuboltadeildar UMFH

ÞVOTTAPLAN

Af gefnu tilefni eru notendur þvottaplansins við Verslunina Strax áminntir um að ganga vel um planið. Allt of oft er skilinn eftir jarðvegur og skítur (mold, gras, hrossaskítur o.þ.h.) út um allt plan.

Mjög hvítleitt er fyrir þá sem á eftir koma, að þurfa að byrja á því að smúla planið til að geta komist sæmilega hreinum fótum um svæðið.

Vill ekki einhver eignast kettlinga?

Þrjá kettlinga vantar heimili eru blandaðir af skógarketti svo þeir eru loðnari en venjulegir kettir, einn alveg grár fress, annar svartur og hvítur fress og svo læða grá, hvít og smá brún. Eru tilbúnir að fara að heiman, kassavanir og vel uppaddir.

Endilega komið að skoða þá, kveðja Helga á Melum

Golfnámskeið fyrir börn og unglunga 14 ára og yngri!

Verður haldið á þriðjudögum og fimmtudögum á Selsvelli frá kl. 9:30-11:30. Ætlað öllum krökkum sem áhuga hafa á golfi, hvort sem þeir eru lengra eða skemmra komnir í íþróttinni. Fyrsta skiptið verður **þriðjudaginn 16. júní**. Leiðbeinendur verða þeir Karl Gunnlaugsson og Árni Þór Hilmarsson. Sjáumst á vellinum. **J**

Unglinganefnd G.F.



Hljómur frá Túnsbergi verður í girðingu heima hjá sér í sumar. Verð á hryssu er 35.000 kr. Fylltollur, girðingargjald, sónar og vsk.

Hljómur er 3 vetra, undan Stöku frá Litlu Sandvík og Ægi frá Litlalandi.

Upplýsingar í s: 893 8058, Gunnar og 849 0546, Magga.

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði
Andlitsbað *Húðhreinsun*
Litun og plökkun *Handsnyrting*
Fótsnyrting *Förðun* *Vaxmeðferðir*
Tímappantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)

Eftirtalin störf eru laus til umsóknar

Tónmenntakennsla á yngsta stigi, 35% starfshlutfall

Forfallakennsla í einn mánuð, í nóvember n.k. í
íþróttum

Umsjónarmaður skólasels, 50% starfshlutfall

Nánari upplýsingar hjá Jóhönnu skólustjóra í síma
4806612 og eða netfang: johannalilja@fludaskoli

Hross í hestaferðir

Hestaleiguna í Steinsholti vantar nokkur hross í ferðir í sumar annað hvort í stakar ferðir eða í allt sumar. Ekki er greidd leiga fyrir hrossin en við miðum við að skila hrossunum í góðu standi og vel járnúðum ætli eigendurnir sér að nota hrossin áfram í sumar. Það er okkar markmið að nýta hrossin hóflega og ofgera þeim ekki enda er það okkar vörumerki að hafa fersk og skemmtileg hross. Undanfarin ár hefur selst þó nokkuð af hrossum í ferðum hjá okkur. Rauða merin sem hvarf hjá okkur í fyrra haust hefur hvorki fundist lífs eða liðinn.

Upplýsingar gefa Kari í síma 847 7627 og Gunnar Örn í síma 863 8270.

Kær kveðja frá Steinsholti II

Nautakjöt

Kjöt beint frá Koti.

Til sölu holdanautakjöt frá Langholtskoti. Gripunum er slátrað og þeir eru úrbeinaðir í Sláturfélagi Suðurlands þar er kjötið pakkað í lofttæmdar umbúðir. Hver vöðvi er merktur og kemur þar fram þyngd og dagsetning. Gripurinn er seldur í heilum og hálfum skrokkum og einnig fjórðung úr skrokk.

Upplýsingar gefur Valdís Magnúsdóttir Langholtskoti í síma 8226617 eða lkot@simnet.is

Útplöntun Skógræktarfélagsins í Kópavatsnásínn
Hin árlega útplöntun okkar í Kópavatsnásínn verður á mánu-
dagskvöldið 15. júní kl. 20:30.

Hittumst við gamla kartöflukofann.
Veitingar að hætti Skógræktarfélagsins
Kv. Stjórnin



Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

Framhaldsreiðnámskeið í júlí fyrir alla aldursflokka

Eftir reiðkennsluna í síðustu viku vildu margir strax koma á framhaldsnámskeið og verður það **07. júlí til 10. júlí 2009**. Námskeiðið verður fyrir börn, unglinga og fullorðna.

Þann **11. júlí 2009** er síðan gæðingamót á Flúðum og væri gaman ef þátttakan á mótinu væri sem mest.

Þessu námskeiði verður skipt í hópa fyrir þá sem:

- a) vilja byggja ofan á námskeiðið sem var í júní en vilja ekki taka þátt á mótinu
- b) vilja byggja ofan á námskeiðið sem var í júní og vilja taka þátt á mótinu
- c) komust ekki á námskeiðið í júní

Ég hlakka til að sjá og kenna ykkur. Þið getið haft samband við mig í síma 844-6967 eða sent mér póst á póstfangið jovanna@gmx.de

Það er líka alltaf hægt að panta einkakennslu eða ef þið eruð nokkur saman, þá gæti það verið þannig að ég kæmi til dæmis einu sinni í viku eða tvisvar í mánuði. Það kemur ýmislegt til greina, endilega hafið samband.

Kær kveðja, Cora J. Claas
www.smari.is

**Glæsihesturinn
Vökull 2006-
2006186936 frá
Árbæ verður
til afnota í
Hrunagirðingu
í fyrra gang-
máli. Fáein
pláss laus, verð
kr 25.000 plús
VSK**



**F:Aron1998184713 frá Strandarhöfði I v. f. afkv.
M:Vigdís frá Feti 1992286930 Heiðursverðlaun
Uppl. hjá Einari Loga s.8995639, Berglindi s.8485811 og
Magnúsi Helga s.6905969**

Frá Bókasafni Hrunamanna

Sumaropnun frá 15. maí – 31. ágúst:

**Mánudaga Kl. 20-21
Þriðjudaga Kl. 16-18
Miðvikudaga Kl. 16-18**

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.
Aðgangur að tölvu fyrir almenning gegn vægu gjaldi.

Lestrarstund er gæðastund – Sjáumst á bókasafninu **J** !

Sími: 486 6708
Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://www.fludir.is/bokasafn1/>

Verið velkomin

Við minnum á búrekstrarvöruverslun okkar

Þar höfum við meðal annars til sölu:

Kálfaduft tvær gerðir, startfóður (musli) fyrir ungfálfa
og framhaldsfóður fyrir eldri kálfa,

Propylenglycol - súrdoðaorkuskiðið,

Einnig hestakjarnfóður í 25 kg. pokum

Verið ávallt velkomin



Vitalic - hestaköggjar



Fjólbreytt úrval festinga

Eigum ávallt á lager milligerðir,
átgrindur, milligrindur,
þriggjaröragrindur, steinbita,
gúmmimottur og renninga ásamt
fleiru í fjósið.



480 5600

landstolpi.is

Félagspjónusta í uppsveitum Árnassýslu og Flóa

Afleysingar við félagslega heimþjónustu:


Lifandi og skemmtilegt starf.

Óskað er eftir einstaklingi í sumarafleysingar við félagslega heimþjónustu. Starfið felst í heimilishjálpi s.s þrífum o.fl. í heimahúsum. Leitað er eftir jákvæðum og hressum einstaklingi sem á auðvelt með að starfa sjálfstætt.

Viðkomandi þarf að hafa bíl til umráða

Nánari upplýsingar gefa Nanna Mjöll Atladóttir, félagsmálastjóri og Sigrún Símonardóttir hjá Félagspjónustu uppsveita Árnassýslu og Flóa, Heilsugæslustöðinni í Laugarási, í síma: 480-5305.

Kvennareiðtúr 19.júní 2009



Hinn árlegi kvennareiðtúr verður á föstudaginn 19.júní.

Hittumst við reiðhöllina kl. 16:30. Farið verður um Markamýrarklett að Miðfelli, þaðan liggur leið að Birtingaholti. Síðan riðið um Álfaskeið að Snússu og þar verður snæddur kvöldverður.

Verð kr. 1.400.-

Mætum sem flestar.

Skráning í síðasta lagi fimmtudaginn 18 júní hjá:

Ella Jóna gsm 8936423

Auður gsm 8611819

Kæru Hreppamenn,
við þökkum fyrir hlýjar kveðjur, velvild og stuðning í kringum
veikindi dóttur okkar.
Gott að eiga góða Hreppamenn að.
Hittumst hress og kát.

Kærar kveðjur,

Ásdís Erla, Yngvi Ragnar, Anna Marý og Elvar Goði
Skútustöðum

Frá Kaupþing banka á Selfossi
Starfsmaður frá bankanum verður til viðtals á skrifstofu
Hrunamannahrepps, þriðjudagana 16 júní og 30. júní frá
kl:14:00-16:00

Hraðbankinn hefur verið fluttur að Versluninni Strax

Pizza Islandia opnar nýjan pizzastað.

Opnum nýjan pizzastað að Eyravegi 5 (áður Reynistaður) á
Selfossi, síðar í þessum mánuði, en nú standa yfir breytingar
og eru það starfsmenn Vörðufells, sem sjá
um endurbætur á staðnum.

Einnig höfum við opnað pizzastað
að Flatahrauni 21 í Hafnarfirði
Verið öll hjartanlega velkomin
Einar Kristinn og Ása María



Gönguferðir í Hrunamannahreppi 2009

Ferða-menningar- og æskulýðsnefnd Hrunamannahrepps kynnir hér gönguferðir sumarsins 2009. Þetta er áttunda sumarið sem boðið er upp á þessar ferðir. Ferðirnar eru alls sjö talsins og munu allar verða á fimmtudagskvöldum í sumar nema sú síðasta sem er dagsanga í Laxárgljúfur. Ekkert gjald er tekið fyrir og öllum er velkominn að ganga með.

1.ferð 25. júní. Kvöldganga kl 20.00

Svartárgljúfur- Tungufellsskógur

Ferðalangar hittast á hlaðinu á Tungufelli.

Sívinsæl leið þar sem gengið er í gegnum ilmandi skóginn í Tungufellsdag og Svartárgljúfur skoðað en í því er mjög fallegur foss. Einnig er gengið upp á Tófuhól en þaðan er víðsýnt.

Áætlaður göngutími er 2-3 klst.

Fararstjórar: Elín J. Traustadóttir og Svanur Einarsson, Tungufelli

2.ferð 2. júlí. Kvöldganga kl 20.00

Laugar- Gildurhagi

Lagt af stað frá hlaðinu á Laugum. Þetta er létt og skemmtileg leið inn í Gildurhaga sem er mikil náttúruperla. Sagan af sængurkonukletti verður rifjuð upp. Hér er notalegt að eiga góða kvöldstund í fallegu umhverfi.

Áætlaður göngutími er 2 klst.

Fararstjóri: Magga Brynjólfsdóttir, Túnsbergi

3.ferð 9. júlí. Kvöldganga kl 20.00

Hruni – Hrepphólar (Gengið milli kirkna)

Mjög vinsæl ferð þar sem lagt er af stað frá hlaðinu á kirkjustaðnum Hruna. Þaðan er gengið að Hrunalaug. Gengið er á Galtafell, haldið eftir fellinu og fundin niðurganga austan megin þar sem Stóra- Laxá rennur. Stuðlabergið í Hólahnjúkum skoðað og endað við kirkjuna í Hrepphólum.

Nokkuð löng ganga

Áætlaður göngutími er 4 klst.

Fararstjóri: séra Eiríkur Jóhannsson prestur í Hruna

4.ferð 16. júlí. Kvöldganga kl. 20.00

Hamarsholt- Gullfoss

Gangan hefst hjá gönguleiðaskiltinu inn á Tungufellsdal.

Þangað er akfær malarvegur. Gengið hjá eyðibýlinu Hamarsholti og þaðan niður að Gullfossi. Mjög gaman er að koma að fossinum austan megin en við blasir allt annar foss.

Áætlaður göngutími er 2-3 klst.

Fararstjóri: Guðni Guðbergsson

5.ferð 23. Júlí. Kvöldganga kl 20.00

Óvissuganga

Lagt af stað frá planinu við fossinn á Fossi og gengið út í óvissuna.

Áætlaður göngutími 3 klst.

Fararstjóri: Sigríður Jónsdóttir Fossi

6.ferð 6. ágúst. Kvöldganga kl. 20.00

Skollagróf- Bryðjuholt

Lagt er af stað frá Skollagróf og bakkar Hvítár þræddir, farið um Flosatraðir og endað í Bryðjuholti. Þessi leið er ekki erfið en býður upp á skemmtilega sýn yfir Hvítá og mikið fuglalíf. Engin fell eru á leiðinni en getur orðið blaut í rigningu.

Áætlaður göngutími 2-3 klst.

Fararstjórar: Þórunn Andrésdóttir og Samúel Eyjólfsson,
Bryðjuholti

7.ferð 16. ágúst Dagsganga

Stóru Laxárgljúfur (Fyrirvari vegna veðurs)

Ekið er inn í afrétt og gegnið niður með hinu stórkostlega gljúfri Stóru- Laxár. En það er rómað fyrir náttúrufegurð. Komið við í Hrunakrók og endað á Kaldbak. Ógleymanleg ganga. Þessi ferð er hugsuð sem náttúraskoðun

Göngugarpar mæti á planið hjá Félagsheimilinu á Flúðum kl 10.00 en þaðan verða þeir keyrðir inn í afrétt. Gjald er tekið fyrir akstur

Áætlaður göngutími er 7-8 klst.

Panta verður í ferðina hjá Evu Marín Hlynsdóttur í síma
4866728 / 8926728

Fararstjóri: Anna Ásmundsdóttir

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-22:00
Laugardaga	10:00-22:00
Sunnudaga	10:00-20:00

ATH! 17.júní er opið frá kl:10:00-19:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími .

Mánudaga til föstudaga:	10:00-21:00
Laugardaga:	10:00-18:00
Sunnudaga:	10:00-18:00

Skrifstofa Hrunamannahrepps

Opnunartími hreppsskrifstofu

Mánudaga til fimmtudaga:

09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:30

LOKAÐ vegna sumarleyfa frá 6.júlí til 22.júlí

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Taktu þér tak með
Herbalife.

Eva Marín Hlynsdóttir
Sjálfstæður dreifingar-
aðili Herbalife.

silja1@simnet.is / 892

6728



í síma:

Hár-Hrun

Klippir í Félagsheimili Hruna-
manna

Vinsamlegast pantið tíma

486-5535 og **899-9665**.

Inga Birna.

Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

12:00 frá Landflutningum og

13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Nánari upplýsingar eru hjá Pálmari í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamanna-
hreppur.

892-2372 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2308- Trailer

892-2316- Trailer

Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar

Túnþökur

Til sölu túnþökur.

Þökurnar eru í rúllum, um 15 fermetrar í rúllu.

Upplýsingar í síma 894 3333 Unnsteinn

Tækjasalurinn í Íþróttahúsinu er opin:

Þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 17:00-21:00

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla



VÖRUFLUTNINGASTÖÐIN

Vörumóttaka Héðinsgata 1-3
Sími: 533 2211

VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðins-
götu 1-3 sími: 533 2211. Mánu-
daga til föstudaga kl. 13:00, Á
Selfossi hjá Húsasmiðjunni og

Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán





Nýja tjaldsvæðið á Flúðum var opnað um Hvítasunnuna. Ljós:SigSigm



Um Hvítasunnuna var einnig opnaður Bændamarkaður í Ferðamiðstöðinni, en það



Magnús í Miðfelli brýnir ljáinn. Ljósma: SigSigm



Heimsmethafinn Tenór frá Túnsbergi með 9,15 fyrir hæfileika.